

FRÁ RITSTJÓRUM

Í þessu hefti *Uppeldis og menntunar* eru þrjár ritrýndar greinar, þrjár viðhorfsgreinar, einn ítardómur og fimm ritdómar. Ritrýndu greinarnar eru um þrjú ólík efni: nám og námsumhverfi grunnskólabarna á 21. öld, lesskimunarpróf og reikningsbækur.

Viðhorfsgreinarnar eru um þemahefti sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun gefa út til þess að fylgja eftir hinum svokölluðu grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla. Grunnþættirnir eru sex og komu þrjú fyrstu heftin út seint á síðasta ári og varð að ráði að fjalla um þau í þessu hefti en geyma sambærilega umfjöllun um hin heftin, sem komu út nú á vordögum, til næsta heftis. Greinarnar eru ólíkar að gerð enda ekki hugsaðar sem formlegir ritdómar heldur tilefni fyrir höfundana til að leggja út af viðkomandi grunnþætti eins og hann er í aðalnámskrá þriggja skólastiga og fjalla um heftið sjálft einsog höfundana lysti. Síðast en ekki síst voru höfundar beðnir að ræða hvernig heftið gæti nýst í skólastarfinu.

Ítardómurinn er um heimspekinámsefni fyrir framhaldsskóla og ritdómarnir eru um fjölbreytt efni á sviði uppeldis og menntunar.

Ritstjórar tímaritsins eru nú tveir, þau Guðrún V. Stefánsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, og í ráðgefandi ritnefnd eru fjórir fræðimenn. Verkaskipting ritstjóra er í meginatriðum þannig að annar ritstjórinn fylgir eftir hverju handriti fyrir sig frá því að það berst og þar til ákvörðun hefur verið tekin um birtingu greinar. Ritstjórnir taka þó báðir lokaákvörðanir og hafa um það samráð við einstaklinga í hinni ráðgefandi ritnefnd eftir þörfum. Meirihluti efnis í þessu hefti hafði verið undirbúinn á síðasta ári og sá Ingólfur því að mestu um heftið ásamt Þórhildi S. Sigurðardóttur.

Uppeldi og menntun hefur nú sótt um að fá svokallaða ISI-skráningu, sem er gert til að tryggja faglega stöðu tímaritsins sem leiðandi tímarits á sínu sviði. Sent var bréf þess efnis í ársbyrjun. ThomsonReuters-fyrirtækið sem sér um skráninguna framkvæmir ekki þetta mat fyrir en því hafa borist þrjú hefti tímaritsins, gefin út reglulega. Við vonumst því til að á næsta ári liggi fyrir niðurstaða.

Önnur nýjung í starfsemi er sú að nú eru nokkrir síðustu árgangar tímaritsins aðgengilegir á Skemmunni (skemman.is). Miðað var við þá árganga sem til voru í pdf-útgáfu. Tímaritið verður áfram á Tímarit.is og frá því var gengið á síðasta ári að tímaritið væri aðgengilegt í EBSCO-host. Í öllum tilvikum er birtingartöf á efninu þannig að áskrifendur einir hafa aðgang að nýjasta efni.

Þriðja nýjungin er sú að frá og með miðju ári 2013 verður tekið við greinahandritum á ensku með þeim skilmálum að í þeim sé að jafnaði fjallað um íslenskt viðfangsefni eða greinarnar séu ritaðar af höfundum búsettum á Íslandi.

Ritnefnd og ritstjórar þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg við útgáfu þessa heftis: höfundum, ónefndum ritrýnum og þeim sem sjá um útgáfuna, prenta tímaritið og dreifa því til áskrifenda og annarra sem ritið kaupa.